

SHALDÖR
skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk



FARTÖLVUBÆKLINGUR

FYLGIR
BLAÐINU
Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

14. ágúst 2012
189. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeimflokksmælingum Capacent Gallup júlí - mars 2012



Spennur fyrir Íslandi
Tim Crabtree tók upp plötu í eldhúsi trommara Arcade Fire.

popp 34

Skoða heiminn

Sjálfbodaliðar Seeds: Fjölbreytt tækifæri fyrir ungt fólk víða í Evrópu.

tímamót 18



Ballíð að byrja
Íslenska körfuboltalandsliðið hefur leik í undankeppni EM í kvöld.

sport 30

veðrið í dag




ÁFRAM NOKKUÐ HLÝTT Í dag má búast við austlægum áttum, víða 5-10 m/s en hvassara allra syðst. Horfur á rigningu SA- og A-til en annars staðar verður fremur skýjað og væta á stöku stað, síst N-til.

W



10 GB
Stærsta 3G net landsins
500 kr.

Svona á samband að vera.



Tal er á 3G neti Símans

Eigið fé Hörpu dugar fyrir rekstri fram á mitt ár 2013

Um mitt næsta ár þrýtur eigið fé Portusar verði ekki breytingar á rekstrarförsendum Hörpu. Eigendur gætu þurft að hækka framlög. Borgin fær hærri tekjur af húsinu en áætlanir gerðu ráð fyrir og borgin samþykkti.

STJÓRNSÝSLA Eigið fé Portusar, eignarhaldsfélags Hörpu, dugar fyrir óbreyttum rekstri fram á mitt næsta ár. Þetta segir Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar.

Pétur segir stærstan hluta taprekstursins mega skýra með hærri fasteignagjöldum en gert hafi verið ráð fyrir. Áætlanir, sem fulltrúar borgarinnar samþykktu, gerðu ráð fyrir 180 milljónum, en raunin er sú að árleg fasteignagjöld eru um 380

milljónir króna sem greiðast til annars eigandans, Reykjavíkurborgar. Pétur segir að áætlanir hefðu staðist að mestu ef fasteignagjöldin hefðu orðið lægri. Hann segir að gert hafi verið ráð fyrir tapi á rekstrinum í fyrstu, á milli 100 og 200 milljónum fyrsta árið og síðan lækkandi næstu þrjú ár.

„Við erum búin að borga þessi fasteignagjöld í heilt ár og höfum ekki leitað til eigenda og þurfum ekki að gera það í ár með fjárfram-

730 milljónir króna fékk Austurhöfn-TR að láni frá ríki og Reykjavíkurborg í fyrra.

lög eða neitt. Ef þetta heldur áfram svona getum við fjármagnað okkur fram yfir mitt næsta ár, en ekki mikið lengur en það.“

Ríkið og Reykjavíkurborg lánuðu Austurhöfn-TR 730 milljónir króna í

nóvember í fyrra, sem átti að greiða upp á tólf mánuðum. Skuldabréfaútbod skilaði fyrirtækinu 19,3 milljónum króna fyrr á þessu ári.

Aukin fjárförð hefur legið fyrir að minnsta kosti síðan í apríl 2010. Í svörum Portusar og Austurhafnar við fyrirsprung borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar er lagt til að hlutafé verði aukið um 580 milljónir króna. Hluti þess kæmi frá Austurhöfn í formi tækjabúnaðar. Framlag eigenda yrði 505 milljónir króna.



VERÐLAUN ERFIDISINS Vinkonurnar Ísabel Baldursdóttir og Bára Björg Ólafsdóttir tóku hressilega til hendinni í Skólagörðum Kópavogs í Fossvogsdal. Voru þær stölluðar ánægðar með uppskeruna; kál ýmiss konar og rófur. Skólagarðarnir hafa verið reknir í bænum í hálfu öld og hafa um 300 börn sótt þá á hverju sumri um langt skeið. Uppskerudagur skólagarða Kópavogs þetta sumarið verða á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsætisráðherra segir orð ráðherra VG varðandi ESB koma á óvart:

Má ekki spilla fyrir stjórnarsamstarfi

STJÓRNMÁL „Mér finnst mikilvægt að stjórnarliðar haldi ró sinni og láti ekki umræðuna spilla fyrir þessu stjórnarsamstarfi.“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Tilefnið eru ummæli ráðherra Vinstri græns, Katrínar Jakobsdóttur og Svandísar Svavarsdóttur, um að endurskoða beri aðildarferlið að Evrópu-sambandinu (ESB).

Jóhanna segir stjórnarsáttmálan skýran; þjóðin fái að greiða atkvæði um fullgerðan samning. Ekkert hafi komið upp núna sem kalli á að það ferli sé brotið upp. „Efnahagsþróunin og staðan í Evrópu er reglu-

lega rædd á milli stjórnarflokkanna, sem og framgangur ESB-viðræðnanna. Þar ræðum við auðvitað þróunina í Evrópu og hvernig menn sjá hana fyrir. Þessi umræða sem blossaði núna upp kom því nokkuð á óvart.“

Jóhanna segir mörg mikilvæg verkefni bíða ríkisstjórnarinnar og mikilvægt sé að klára þau.

„Stjórnarandstaðan á náttúrulega enga ósk heitarari en að geta rekið fleyg í raðir stjórnarliða og flýtt kosningum. Við megum hins vegar ekki láta það gerast.“

- kóp / sjá síðu 12

ÍSLENSK LISTASAGA

★ ★ ★ ★ ★ EFI / MORGUNBLAÐIÐ

„... stórtíðindi öllum unnum myndlistar.“ PBB / FRÉTTATÍMINN



Skóla dagar

14.-27. ágúst

Opið til 19 í dag

Smáralind



Vinur við veginn

Aðalvinningarnir dregnir út 18. ágúst

Skilaðu inn fullstimpluðu korti á næstu Olísstöð eigi síðar en á morgun, miðvikudaginn 15. ágúst - og þú kemst í pottinn. Laugardaginn 18. ágúst verður dregið úr öllum innsendum kortum hjá Hemma Gunn og Svansý á Bylgjunni.

VINNINGARNIR ERU:

1. Ferð með Icelandair til Denver í Colorado, flug og gisting fyrir 4 að verðmæti 500.000 kr.
2. 300.000 Vildarpunktur Icelandair
3. 150.000 kr. gjafabréf frá Ellingsen

ÆVINTÝRA EYJAN



www.olis.is



BYLGJAN

NOKIA

Ellingsen

ICELANDAIR
SAGA CLUB

GENGIÐ 13.08.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	119,21	119,77
Sterlingspund	187,04	187,94
Evra	146,87	147,69
Dönsk króna	19,73	19,846
Norsk króna	20,111	20,229
Sænsk króna	17,846	17,95
Japanskt jen	1,5235	1,5325

SDR 179,92 181

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

206,5429

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Blindrafélagsins gengur í tíu daga fyrir Íslands hönd:

Gengur 300 kílómetra yfir England

SAMFÉLAGSMÁL Kristinn H. Einarsson, formaður Blindrafélagsins freistar þess að ganga 300 kílómetra þvert yfir England á tíu dögum ásamt fleirum blindum og sjónskertum einstaklingum.

„Það verður ekkert skipst á. Við munum öll ganga þessa 300 kílómetra, þannig að þetta verða um þrjátíu kílómetrar á dag,“ segir Kristinn.

Gangan er skipulögð af breskum blindrasamtökum og verður lagt af stað 20. ágúst. Tilgangur ferðarinnar er að safna fé til áframhaldandi rannsókna á meðferð við

ólæknandi arfgengum hrörnnar-sjúkdómum í sjónhimninni.

„Það er engin meðferð til við þessu í dag en þetta er algengasta orsök blindu hjá börnum og ungu fólki,“ segir Kristinn.

Kristinn mun leggja af stað á mánudaginn og segir að aðalatriðið sé að fara varlega.

„Ég er lögbundur en hef smá sjón. Ég hef þröngt sjónsvið og sé lítið í kringum mig. Ég þarf að passa að horfa niður fyrir mig svo ég hrasi ekki. Markmiðið er að komast í mark á heilu og höldnu,“ segir Kristinn. - ktg



Á **TOPPNUM** Kristinn H. Einarsson ásamt eigin konu sinni Kristínu Sjöfn Valgeirsdóttur á toppi Botna-Skyrtunna í Ljósu-fjöllum á Snæfellsnesi.

Gatnagerð í Stykkishólmi:

Lækka gjöldin um helming

STYKKISHÓLMUR Bæjarráð Stykkishólms hefur samþykkt að lækka gatnagerðargjöld um 50 prósent á ákveðnum lóðum. Einnig var samþykkt að fella niður gjald vegna uppfyllingar ákveðinna lóða.

Ástæðan er sögð skortur á íbúð-arhúsnæði og rétt sé að hvetja til bygginga, en talið er að aðgerðirnar geti eflt byggingariðnað á svæðinu. Þetta kemur fram á vef Skessuhorns.

Gatnagerðargjöld eru innheimt af lóðum til að standa undir kostnaði við viðhald gatna. - bbi



AÐ LÆRA ÍSLENSKU Hér ræða íslenskunemarnir málin á Núpi.

Yfir hundrað íslenskunemar: Aldrei fleiri að nema íslensku

MENNTUN Aldrei hafa fleiri útlandingar numið íslensku eins og í ár hjá Háskólasettri Vestfjarða. Ekki sjá kennarar einir um þá kennslu en á Ísafirði eru nemendur sendir á stúfana þar sem þeir þurfa að leysa hinar ýmsu hversdagsþrautir í verslunum og hjá fleiri fyrirtækjum. „Ísafirðingar hafa tekið þessu afar vel og verið mjög hjálpsamir,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri hjá Háskólasettri Vestfjarða.

Á Núpi í Dýrafirði nema nú 83 nemendur íslensku, en flestir koma þeir með Erasmus- eða Nordplus-styrk upp á vasann. Einnig eru tvö námskeið haldin á Ísafirði. - jse

LÖGREGLUMÁL

Tuskudýr í óskilum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur undir höndum nokkurn fjölda tuskudýra sem öll fundust á sama staðnum. Eiganda þeirra er leitað en hann getur vitjað bangsanna hjá lögreglunni. Sá verður þó að staðfesta eignarhald sitt.

LEIÐRÉTT

Rangt var farið með kvæði Jóns Helgasonar í blaðinu í gær. Beðist er velvirðingar á því.

Íslensk löggjöf vekur athygli víða um heim

Talskona Stígamóta hefur ferðast um allan heim til að kynna íslenska löggjöf er varðar vændi og mansal. Segir eftirfylgni lögreglu verulega ábótavant. Talskona vændisfólks í Skandinavíu segir löggjöfina yta undir mansal og vændi.

SAMFÉLAGSMÁL Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, hefur ferðast um allan heim undanfarnin ár til að kynna „sænsku leiðina“ sem var innleidd í lög hér á landi árið 2009 og gerir kaup á vændi refsiverð.

Guðrúnu hefur meðal annars verið boðið til Edinborgar, S-Afríku, Bergen, Brussel, Ístanbul, Nepal, Íraks, Rómur og New York, til að halda fyrirlestra um fyrirkomulagið, sem hún segir vera framtíðarsýn fjölmargra landa.

„Þessi leið þykir framsýn og endurspeglar þá hugmyndafræði sem við viljum kenna okkur við,“ segir hún. „Það er mikill áhugi fyrir því sem verið er að gera á Íslandi.“

Hún bætir þó við að það sé í meira lagi ósanngjarn að kaupendur vændis séu enn ekki gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum. Vændi blómstri hér á landi og nektarstaðir séu enn starfræktir, þrátt fyrir lagabreytingar.

„Við höfum margoft sagt að lykilinn að blómstrandi klám- og vændisíðnaði sé svokölluð viðskiptaleynd,“ segir Guðrún og undirstrikar að karlar muni kaupa konur svo lengi sem þeir séu öruggir með að ekki komist upp um þá.

„Hér eru gífurlegir fjármunir í húfi og því getur vændi aldrei verið svo hulið að kaupandinn finni það ekki. En ef það er nógu sýnilegt fyrir hann, er það nógu sýnilegt fyrir lögregluna.“

Vændi verður að vera sett í sölvænar pakkningar til að það



TALSKONA STÍGAMÓTA Guðrún segir íslenska vændislöggjöf framtíðarsýn í mörgum löndum, en eftirfylgni lögreglu hér á landi sé aftur á móti verulega ábótavant.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Segir lögin yta undir mansal

„Sænska leiðin“ gerir það að verkum að enn erfiðara er að koma fórnarlömbum mansals til bjargar og yfir jafnvel undir það, að mati Pye Jakobsson, stofnanda hagsmunasamtaka vændisfólks í Svíþjóð. Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í vikunni að lög, sem gera kaup á vændi refsiverð, komi í veg fyrir að mansal sé tilkynnt því slíkar tilkynningar komi aðallega frá vændis kaupendum.

Fram kemur í nýrri skýrslu frá félagsmálayfirvöldum í Noregi að vændi þar í landi sé bæði orðið skipulagðara og alvarlegra eftir að lög, tóku gildi þar fyrir þremur árum. Norsk dómsmálayfirvöld hafa boðað endurmat á löggjöfinni. Greint var frá því í Fréttablaðinu í vor að brýn þörf sé á sérstakri vændis- og mansalsdeild innan lögreglunnar hér á landi, en talið er að umsvif þess aukist ár frá ári. Innanríkisráðherra segist munu beita sér í málinu.

seljist, segir Guðrún. „Þú sérð hvergi rauða bókstafi sem stafa: Vændishús – hér geturðu keypt fórnarlömb mansals.“ Það er alltaf búið að setja það í búning eins og nudd, súludans eða einkadans. Annars selst það ekki.“

Hún segist vera afar stolt af lagaumhverfinu hér á landi, en vildi þó óska þess að því væri

einnig framfylgt. Hún fagnar því aukna fjármagni sem hefur verið sett í að uppræta skipulagða glæpastarfsemi í landinu og vonast til þess að stjórnvöld standi við þau orð sem sögð hafa verið varðandi aukinn kraft í baráttunni við vændi. „Þetta er verkefni sem við ætlum að eyða orku í á næstunni. sunna@frettabladid.is



Í **ÍSAFJÖRÐUR** Ólíubirgðastöðin mun rísa á Mávagarði.

Tillaga að starfsleyfi auglýst: Ný olíubirgðastöð á Ísafirði

ÍSAFJÖRÐUR Umhverfisstofnun hefur auglýst tillögu að starfsleyfi nýrrar olíubirgðastöðvar Ólíudreifingar á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að allt að 1.510 rúmmetrar af olíu rúmist í stærsta geymi stöðvarinnar, þó ekki bensín eða rokkgjarnar olíutegundir. Þá verði heimiluð móttaka á úrgangsolíu.

Núverandi birgðastöð hefur starfsleyfi til 31. mars 2013, en þá er gert ráð fyrir að nýja stöðin taki við. Hún verður að lóð sem heitir Mávagarður og tilheyrir nýrri hafnaraðstöðu á Ísafirði. - kóp

Húðkrem úr þörungum:

Sjávarfang sett beint á húðina

NÝSKÖPUN Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Marinox, sem er að hluta til í eigu Matís, hefur hafið framleiðslu á húðkremi (UNA skincare) eftir áralanga rannsókn- og þróunavinnu á efnem sem finna má í íslenskum sjávarþörungum og innihalda mikla lif- og andoxunarvirgni.

Framleiðslan byggir á áralangri rannsókn- og þróunavinnu en fyrirtækið hefur þróað náttúrulega aðferð til að einangra og framleiða virk efni úr þörungum og þar með tryggja hámarks- virkni þeirra.

Rannsóknir sýna fram á mjög jákvæð áhrif náttúrulegra efna úr sjávarþörungum á húðina. - shá

TÍMI TIL AÐ TÍNA!

MATSVEPPIR (NÁTTÚRU ÍSLANDS)

www.forlagid.is – alvöru bókaerslun á netinu

VEDURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HLÝNDI! Næstu daga verður áfram fremur milt veður, vindur skaplegur og nokkuð hlýtt. Á morgun má búast við vætu SA- og A-til um morguninn en léttir til er liður á daginn. Á fimmtudaginn þykknar heldur upp við norðurströndina en léttir til syðra.

Á **MORGUN** Hægur vindur, 2-6 m/s

FIMMTUDAGUR 5-10 m/s, hvassara SA-til.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	29°
Berlín	23°
Billund	20°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	27°
Gautaborg	21°
Kaupmannahöfn	21°
Las Palmas	27°
London	24°
Mallorca	33°
New York	28°
Orlando	33°
Ósló	20°
París	25°
San Francisco	24°
Stokkholmur	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

FORD MONDEO Trend frá 3.990.000 kr. FORD MONDEO Titanium frá 4.310.000 kr.

Nú fæst Ford Mondeo á frábæru verði. Kaupu í dag Ford Mondeo. Hann er rúmgóður, ríkulega útbúinn, bensín eða dísil og fæst bæði sjálfskiptur og beinskíptur. Veldu sparneytinn Ford Mondeo. Hagkvæmur í rekstri. Ávalar og fallegar línur. Grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Lipur, þægilegur og sparneytinn. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákni um gæði.

ford.is



FORD MONDEO TREND
FRÁ
29.191 kr./mán.*



* Ford Mondeo Trend 5 dyra 1,6TDCi dísil, 115 hð, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og upptökubíl / útborgun að verðmæti 2.300.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppi nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,73%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

KJÖRKASSINN

Tínir þú sveppi eða ferð í berjamó á haustin?

JÁ 44,4%
NEI 55,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú orðið fyrir einelti?

Segðu skoðun þína á vísir.is



6

Portúgalar sinna loftrýmisgæslu NATO á Íslandi fram í september:

Hersveitir lentar með sex F-16 þotur

LANDHELGISGÆSLAN Loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins (NATO) hófst á ný í gær. Nú munu Portúgalar sinna verkefninu en ráðgert er að það verði unnið með sama fyrirkomulagi og áður hefur verið gert og í samræmi við samninga sem í gildi eru. Þá er áætlað að verkefninu ljúki um miðjan september.

Flugsveitir portúgalska flughersins komu til landsins í gær og lenti Lockheed C-130 Hercules herflutningavél Portúgala á Keflavíkflugvelli með um sjötíu manna lið. Portúgalar munu nota sex F-16 orrustuflugvélar við verkefnið.

Akureyringar og íbúar á Egilsstöðum mega búast við því að portúgalskar flugsveitir æfi aðflug á flugvöllum bæjanna enda eru þeir varafflugvellir Íslands á eftir flugvöllum á Miðnesheiði.

- bph



PORTÚGALAR LENTIR Yfirmenn flugsveitarinnar stíga frá borði á Miðnesheiði.

MYND/PORTÚGALSKI HERINN

Sviptu mann frelsi í Breiðholti:

Lögreglan hefur lokið rannsókn

LÖGREGLAN Rannsókn lögreglunnar á máli tveggja manna sem réðust inn á karlmann í Breiðholti fyrir í sumar er lokið. Mennirnir sviptu fórnarlambið frelsi sínu í sex klukkustundir og neyddu það til að millifæra pening af bankareikningi sínum yfir á þeirra bankareikning.

Málið hefur verið sent ríkissaksóknara sem tekur ákvörðun um það hvort mennirnir verði ákærðir eða ekki. Mennirnir hafa settið í gæsluvarðhaldi frá því þeir voru handteknir.

- jhh

Lögreglan fær fallelinkunn í skýrslu um árás Breiviks

Skýrsla um hryðjuverkaárása í Noregi í fyrra var birt í gær. Lögreglan er sögð hafa brugðist í veigamiklum atriðum og hefði getað gripið inn í árásina mun fyrr. Enginn hefur þó sagt af sér vegna málsins.

NOREGUR Norska lögreglan brást þegar Anders Behring Breivik sprengdi bílsprengju við nokkrar helstu stjórnarbyggingar í Ósló og skaut fjölda ungmenna til dauða í Útey fyrir ári. Þetta er niðurstaða nefndar sem skilaði af sér 500 blaðsíðna skýrslu um málið í gær.

Eitt af því sem fram kemur í skýrslunni er að lögreglan er ekki talin hafa horfst í augu við þau hættumerki sem uppi voru og dró ekki nægan lærdóm af þeim æfingum sem höfðu áður verið gerðar.

Því er haldið fram í skýrslunni að lögreglan hefði jafnvel getað komið í veg fyrir sprenginguna hefði hún brugðist rétt við.

Lögreglan er ekki talin hafa fylgt settum starfsreglum og máttur starfsmanna til að fara eftir fyrirfram ákveðnum vinnubrögðum talinn lítil.

Lögreglan er sögð hafa áttað sig fljótt á því að um hryðjuverk væri að ræða en viðbrögð hennar eru hins vegar talin hafa verið allt of hæg og er fullt í skýrslunni að aðgerðir og inngríp hefðu getað hafist mun fyrr.

Í skýrslunni segir að lögregluna skorti einnig samhæfingu og skipulag og hafi að auki ekki nýtt upplýsingatækni sem skyldi.

Dæmi um þetta er að lögreglunni bárust upplýsingar um ferðir Breiviks eftir sprengjuárása en þær upplýsingar lágu á borði lögreglunnar í tuttugu mínútur áður en hringt var í vitnið.

Tveir tímar liðu svo þangað til greint var frá upplýsingunum í talstöðvakerfi lögreglunnar.

Yfirstjórn lögreglunnar er einnig gagnrýnd fyrir skort á bæði getu og vilja til að taka ábyrgð, setja niður markmið og ákveða inngríp.

Þrátt fyrir harða gagnrýni á lögreglu í skýrslunni, hefur enn enginn sagt af sér.

„Þetta er ekki rétti dagurinn til að meta einstakar persónur. Í dag fengum við 500 blaðsíðna skýrslu í hendurnar og hér um bil helmingurinn af henni fjallar um aðgerðir lögreglunnar. Við munum fara yfir skýrsluna af mikilli alvöru.“

Meira vil ég ekki segja um málið að svo stöddu,“ sagði Grete Faremo, dómsmálaráðgjafi Noregs, í samtali við norska Ríkisútvarpið í gær.

katrin@frettabladid.is



BLAÐAMANNAFUNDUR Alexandra Bech Gjerv, formaður hinnar svokölluðu 22. júlí-nefndar, kynnti skýrsluna á blaðamannafundi í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Við munum fara yfir skýrsluna af mikilli alvöru.

GRETE FAREMO
DÓMSMÁLARÁÐGJAFI
NOREGS

22. júlí, 2011

- Klukkan 15.25 sprakk bílsprengja í Ósló. Sprengjan vó 950 kíló, hún varð átta manns að bana og 30 særðust. Margar stjórnarbyggingar fóru illa í sprengingunni, meðal annars skrifstofa forsætisráðherra.
- Um klukkan 17.00 gekk Anders Behring Breivik á land í Útey klæddur lögreglubúningi. Hann varð 69 ungmennum að bana og særði 60 í skotárás sem tók um eina og hálf klukkustund.
- Alls létu 77 manns lífið og rúmlega 90 særðust í árásunum.

Samstarfið í uppnámi:

Cameron og Clegg deila

BRETLAND Frjálslyndi flokkurinn sakar Íhaldsflokkinn um að draga lappirnar þegar kemur að endurbótum á lávarðadeild breska þingsins. Á móti hafa frjálslyndir dregið til baka stuðning sinn við kjördæmabreytingu. Guardian greinir frá þessu.

David Cameron, formaður Íhaldsflokksins, og Nick Clegg, formaður Frjálslynda flokksins, funduðu á föstudag til að reyna að bæta sambandið. Clegg hefur falið ráðgjöfum sínum að vinna sér efnahagsstefnu fyrir flokk sinn. Nú er svo komið að aðeins einn af hverjum sex kjósendum telja að samstarfið lifi út kjörtímabilið.

- kóp

LÖGREGLUMÁL

Klesst og strokið

Ekið var á tvær kyrrstæðar og mannlauasar bifreiðar á bílastæði í Reykjanesbæ um helgina. Í báðum tilvikum létu ökufantarnir sig hverfa. Talsvert tjón varð á báðum bílum. Þeir sem veitt geta upplýsingar um þessi mál eru beðnir um að hafa samband við lögreglu.

SIEMENS



Nú má bæði þvo og þurrka á aðeins um klukkustund



Þvottavélar og þurrkarar í sérflokki

Þvottavélar

Taka allt að 9 kg. Hljóðlátar. Geta þvegið á 15 mínútum. Snertihappar. Sumar þeirra eru í orkuflokki A+++.

Þurrkararnir

Taka allt að 8 kg. Rafeindastýrð rakaskynjun. Stór tromla. Snertihappar.

Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

Allt verður tándurhreint

Íslenskt stjórnborð og íslenskir leiðarvísar.

Eigið þjónustuverkstæði.

Umboðsmenn um land allt.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

MENNING Í LOFTINU

MYNDARLEGT TILBOÐ Á MENNINGARNÓTT

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



Einungis

FRÁ **7.500 kr.**

TIL/FRÁ REYKJAVÍK
DAGANA 15. – 20.
ÁGÚST

FLUGFÉLAG ÍSLANDS BÝÐUR menningarþyrstum landsmönnum flugsæti til Reykjavíkur á sérdeilis finu tilboði 15.-20. ágúst. Látum það eftir okkur að njóta kræsinga á hlaðborði listagáfu og sköpunarkrafts. Sperrum eyrum, glennum upp augun, gælum við bragðlaukana og tökum flugið á Menningarnótt í Reykjavík 18. ágúst. Sætin eru takmörkuð og einungis bókanleg á www.flugfelag.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Fréttaskýring: Rekstur tónlistarhússins Hörpu



HARPA Stjórnarformaður Portusar segir félagið hafa nóg fé til að reka Hörpu fram á mitt næsta ár, miðað við óbreyttar forsendur, en ekki mikið lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hærri fasteignagjöld renna til borgarinnar

Tekjur Reykjavíkurborgar af fasteignagjöldum Hörpu eru hærri en gert var ráð fyrir í áætlunum. Beinir skattar á Hörpu rúmur hálfur milljarður. Borgarstjóri ítrekaði 2010 að ekki hefðu verið samþykkt hærri framlög til Hörpu.

STJÓRNSÝSLA Hærri fasteignagjöld sem Harpa greiðir skila Reykjavíkurborg hærri tekjum en áætlanir gerðu ráð fyrir. Pétur J. Þorsteinsson, stjórnarformaður Portusar, rekstrarfélags Hörpu, segir að áætlanir um reksturinn hefðu að mestu staðist ef ekki hefði komið til mun hærri fasteignagjalda.

Rekstrar-áætlanir gerðu ráð fyrir að fasteignagjöld yrðu aldrei hærri en 180 milljónir króna á ári, en Pétur segir þau vera um 380 milljónir. Fulltrúar Reykjavíkurborgar gerðu engar athugasemdir við áætlanir um lægri gjöld.

„Borgin hefur ekki gert athugasemdir um áætlanir okkar um lægri fasteignagjöld. Beinir skattar á okkur á þessu ári eru um 584 milljónir króna. Við erum að borga mun meira til þessara tveggja eigenda en sem nemur tapinu,“ segir Pétur, en gert er ráð fyrir að tap af rekstri Hörpu í ár nemi 407 milljónum króna.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar lögðu fram fyrirspurnir varðandi rekstraráætlanir Hörpu vorið 2010. Í svari Portusar og Austurhafnar, sem barst 21. apríl þad ár, segir að gerðar hafi verið rekstraráætlanir með nokkurri nákvæmni fyrir árin 2010 til 2014.

„Framlög ríkis og borgar og

Engin skuldbinding um meira framlag

Hanna Birna Kristjánsdóttir, þáverandi borgarstjóri, ritaði Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, bréf 10. júní 2010. Þar er ítrekað að „engin fyrirheit hafa verið gefin af hálfu Reykjavíkurborgar um frekari fjárfrelög til Tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar við Austurhöfn“. Samþykkt borgarráðs um framhald byggingar hússins hafi ekki falið í sér neina ákvörðun um aukin framlög.

„Engar fyrirliggjandi heimildir eru því til að skuldbinda félögin sem eru í eigu ríkis og borgar umfram fyrri samþykktir, hvorki með hlutfjárakningu eða með öðrum leiðum.“

Í bréfinu kemur einnig fram að samstaða sé um að taka stjórnskipulag fyrirhugaðs reksturs til endurskoðunar. Það hefur ekki enn verið gert til fulls.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Mun hærri fasteignagjöld

Pétur segir að áætlanir Hörpu hefðu að mestu staðið ef fasteignagjöldin hefðu orðið eins og ráð var fyrir gert.

„Við erum að horfa upp á tap upp á 407 milljónir króna. Það munar 230 milljónum á fasteignagjöldum, hvernig þau eru í reynd og því sem við teljum rétt vera. Eftir standa 177 milljónir og eitthvað hefði komið inn samkvæmt leiðréttingu á samningi við Sinfóníuhljómveitina.“

hluti af leigu Sinfóníuhljómveitar Íslands mun standa undir afborgunum og vöxtum af stofnkostnaði. Aðrar fastar leigutekjur (Íslenska óperan), breytilegar tekjur af viðburðum og ráðstefnum, rekstrarleyfissamningum, samstarfsverkefnum og bílastæðum munu standa undir rekstrarkostnaði. Stefna stjórnenda félaganna er að rekstur hússins verði sjálfbær og að ekki þurfi að koma til rekstrarstyrkja frá eigendum,“ segir í svarinu. Engu að síður kemur fram

að gert sé ráð fyrir því að auka þurfi hlutfé samstæðunnar um 580 milljónir króna. Hluti af því var í formi tækjabúnaðar frá Austurhöfn, sem metinn var á 75 milljónir króna. „Yrði þá framlag eigenda Austurhafnar vegna hlutfjárakningarinnar 505 m.kr.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Benda á fordæmi varðandi Smáralind

Mismunur á áætlunum varðandi fasteignagjöldin skýrist af því að gert var ráð fyrir að þau yrðu miðuð við rekstrarvirði, en raunin er sú að þau eru miðuð við byggingarkostnað og eru því umtalsvert hærri. Pétur segir að Smáralind hafi oft verið nefnd í þessu efni, en fasteignagjöld vegna hennar miðast við rekstrarvirði.

„Hennar rekstur er í raun nákvæmlega eins og rekstur Hörpu.“

Þetta er hús sem er algjörlega leigt út til annarra og hefur sáralitla eigin starfsemi. Við erum með hús sem leigir sali og rekstraraðstöðu fyrir verslanir og veitingastaði til annarra og erum með sáralitla eigin starfsemi.

Þeir sem við höfum ráðfært okkur við hafa einmitt bent á Smáralindina sem dæmi um hvernig ætti að leggja á Hörpu.“



BÓKAÐU
HÓTEL OG BÍL
200.000 hótél í 165
löndum / 800.000 bílar
í 125 löndum

ÚT MEÐ
HÓPINN!

Sendu okkur línu á
hopar@icelandexpress.is
og fáðu tilboð fyrir
hópinn þinn.

Vetur, sumar, vor og haust

Köben / London / Berlín
París / Alicante / Barcelona frá:

15.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.
Ferðatímabil: 15. ágúst-30. september.

Iceland Express 

-lækkar verð



Huggulegt haust í Köben

Verð á mann í tvíbýli frá:

54.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum,
gisting í tvær nætur ásamt morgunverði.
Ferðatímabil: 21.-23. sept. og 28.-30. sept. 2012

Express ferðir 

590 0100 | www.expressferdir.is

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

www.promennt.is

FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLI

Framabraut – Skrifstofuskóli er námsbraut fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnu-
markaði með aukinni menntun eða er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eftir hlé.

STYRKT AF FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS – sem tryggir ótrúleg kjör



Námsbrautin er unnin í samvinnu við símenntunarmiðstöðina Framvegis og er styrkt af Fræðslu-
miðstöð atvinnulífsins. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint
ótrúlegu verði eða 42.000 kr. í stað 199.000 kr. áður. Námið er 264 kennslustundir og er metið
til allt að 18 eininga til stúdentsprófs.*

AF HVERJU FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLINN?

Markmiðið með Frambrautinni – Skrifstofuskólanum er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf
til að geta skarað fram úr í alhliða skrifstofuvinnu. Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bók-
hald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum. Námið hefst á því að
nemendum er kennd námstækni með hjálp MindManager og þannig helstu tókin við notkun
hugarkorts í verkefnavinnu, en rannsóknir sýna að notkun hugarkorts í námi og starfi getur
aukið afköst fólks við vinnuna um allt að 17%.

FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir kröfur til nemenda. Þetta
nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama í almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu
sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er
20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

” Það að getað stundað nám í gegnum fjarkennslu í beinni útsendingu er alveg frábært. Ég bý úti á landi og hefði ekki
haft kost á þessu námi öðruvísi. Var í skrifstofunámi og er það mjög hagnýtt og markvisst nám, með fyrsta flokks
kennurum og starfsfólki. Námið hefur nýst mér mjög vel. Ári eftir að ég útskrifaðist fékk ég vinnu sem móttökuritari á
heilsugæslu í sumarafleysingum og í dag er ég að vinna á skrifstofu Bruggsmiðjunnar Kalda á Árskógssandi. Námið
gefur svo góðan grunn og veitir manni mun meiri kjark og sjálfsöryggi í að sækja um vinnu sem maður hefur áhuga á
og mæli ég eindregið með þessu námi hjá Promennt.

Valdís Erla Eiríksdóttir, skrifstofustarfsmaður í Bruggsmiðjunni Kalda, Árskógssandi

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Kynning og námstækni með MindManager
2. Sjálfstyrking, samskipti og færnimappa
3. Tölvu- og upplýsingaleikni
4. Verslunarreikningur og bókhald
5. Tölvubókhald
6. Þjónusta og símsvörun
7. Viðskiptaenska
8. Tollskýrslugerð
9. Verkefnadagar/lokaverkefni

Verð: **42.000 kr.**

Lengd: 264 **kennslustundir**

Kennslan fer fram hjá okkur í Promennt og Framvegis
í Skeifunni 11B, 2. hæð og í fjarkennslu í beinni útsendingu.
Hefst: **5. september**

Flest stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms hjá okkur.
Atvinnuleitendur geta sótt um styrk hjá VMST.



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er
boðið upp á
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám.



RISA HAFMEYJA Þessi risavaxna hafmeyja, kölluð Shirahoshi, var notuð til kynningar á sjónvarpsdag-skrá japanskrar sjónvarpsstöðvar um helgina. Hún vakti mikla athygli gesta og gangandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SANDHÓLAHYLUR Á SVÆÐI 3 Blanda er fráber laxveiðiá en yfirfallið setur strik í reikninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Yfirfallið 12,8 rúmmetrar:

Blanda komin á árvisst yfirfall

NÁTTÚRA Blöndulón hefur nú náð yfirfallshæð en innrennsli Blöndu tvöfaldaðist í hita síðustu daga, segir á vef Landsvirkjunar. Vindur hefur verið nokkuð stífur að undanförunu og flýtti það mikið fyrir bráðnun jökla og innrennsli í lónið.

Undanfarin ár hefur Blanda farið á yfirfall í fyrri hluta ágústmánaðar, eins og kemur fram á upplýsingavef um lónhæð og yfirfall hjá Landsvirkjun. Í gær var yfirfallið á hádegi 12,8 rúmmetrar á sekúndu.

Landsvirkjun hefur haft samband við veiðimenn og aðra hagsmunaaðila sökum þessa árvissa viðburðar, en oft er talað um laxveiði í Blöndu fyrir og eftir yfirfall, en áin verður illveidanleg á yfirfallinu. - shá



FÖNRPÁTTURINN
FIMMTUÐAGSKVÖLD
KL. 22



Sterkustu skákmenn landsins mætast á Borgarskáknotinu í Ráðhúsi Reykjavíkur:

Borgarskáknotið haldið í 27. sinn

FÓLK Borgarskáknotið verður haldið í 27. sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 16.00. Mótið var fyrst haldið á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar árið 1986 og hefur verið haldið ár hvert síðan þá.

Eva Einarssdóttir, formaður ÍTR, mun setja mótið. Venju samkvæmt eru það taflfélögin tvö í Reykjavík sem standa að mótið, Taflfélag Reykjavíkur og Taflfélagið Hellir. Gera má ráð fyrir að margir af öflugustu skákmönnum þjóðarinnar taki þátt.

Tefldar verða sjö umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma. Þegar Fréttablaðið hafði samband í gærkvöldi höfðu 76 manns skráð sig en búast má við að hátt í hundrað keppendur tefli eða álíka margir og í fyrra.

Hægt er að skrá sig til leiks á vefnum skak.is þar til mótið hefst eða með því að mæta á skákstað. - bph



SKÁK Búast má við harðri keppni á Borgarskáknotinu í dag. Búist er við hátt í hundrað keppendum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Hvalur á Hornströndum:

Hvalreki fyrir pastaétandi tófur

DÝRALÍF Sigurður Hjartarson frá Bolungarvík sigldi fram á stórhveli sem lá í sjávarmálinu í Straumnesi, milli Aðalvíkur og Rekavíkur, á Hornströndum í fyrrakvöld. Sigurður segir óljóst hvar hvalurinn tók land.

Hann vonaðist þó til að það yrði ekki í Fljótavík en þar liggur einn sem flaut á land í fyrra. „Það er allt útlit fyrir að tófan fái nýbreytni á matseðlinum, hún er eflaust orðin þreytt á pastanu sem hún fær frá ferðamönnum,“ segir Sigurður. - jse

Sveitarstjórnarmenn rólegir yfir snjóflóðavarnargörðum

Sveitarstjórnarmenn bæjarfélaga þar sem framkvæmdir við snjóflóðavarnir eru í kortunum sýna töfum fullan skilning. Allir bera Ofanflóðanefnd vel söguna. Yfir tugur milljarða fer í varnir á næstu árum.

ÖRYGGISMÁL Siglufirðingar bíða nú eftir samþykki ríkisstjórnar fyrir áframhaldandi framkvæmdum við snjóflóðavarnir. Ingvar Erlingsson, forseti bæjarstjórnar í Fjallabyggð, segir að þrátt fyrir miklar framkvæmdir undanfarin misseri sé töluvert verk óunnið.

„Í haust byrja framkvæmdir við vegarlagningu upp að svæðinu. Þvergarðarnir eru búnir, en það á eftir að fá grænt ljós vegna stoðvirkja, sem eru grunnur þessara varna,“ segir hann. Áætlaður kostnaður Ofanflóðasjóðs vegna Siglufjarðar er talinn hlaupa á tveimur milljörðum króna.

Magnús Jóhannesson, formaður ofanflóðanefndar, telur mjög góðar líkur á því að frekari framkvæmdir við Siglufjörð geti hafist á næsta ári.

„Það er enn verið að vinna að kostnaðarmati á verkinu sem verður svo boðið út, enda stórt,“ segir Magnús, en gert er ráð fyrir að framkvæmdir taki tvö til þrjú ár.

Fram kemur í fjárlögum þessa árs að óskað hafi verið eftir tíma-bundnu framlagi til verkefna við snjóflóðavarnir á Ísafirði og Patreksfirði. Áætlaður kostnaður við þessar tvær framkvæmdir er um einn milljarður króna. Gert er ráð fyrir að sú vinna samsvari um 70 ársverkum.

Ofanflóðasjóður hefur yfir að ráða um 10,3 milljörðum króna, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Til stendur að ljúka við uppbyggingu snjóflóðavarnargarða í sjö bæjarfélögum fyrir árið 2020, en upphaflegu áætlaninni hefur seinkað um tíu ár. Þegar framkvæmdum lýkur verða snjóflóðagarðar í hlíðunum fyrir ofan tólf bæi og þorp víðs vegar á landinu.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir allt útlit

Ofanflóðavarnir á landinu



70 ársverk er talið að skapist í kringum vinnu við snjóflóðavarnir á Ísafirði og Patreksfirði.

10,3 milljarða hefur Ofanflóðasjóður til ráðstöfunar til uppbyggingar snjóflóðavarna.

7 bæjarfélög fá peninga úr Ofanflóðasjóði til uppbyggingar á snjóflóðavörnum.

fyrir að greiðari framgangur verkefna muni hefjast árið 2013 miðað við þær tillögur sem fram hafa komið fyrir næstu fjárlög. Hlutverk ofanflóðanefndar

er að ráðstafa fé úr Ofanflóðasjóði og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórna um varnarmarkmið fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð og um kaup

eða flutning húseigna í stað þess að reisa varnarmarkmið eða beita öðrum varnaraðgerðum vegna ofanflóða.

sunna@frettabladid.is

Ekki óeðlilegt að það þurfi tíu milljarða



Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segir að þrátt fyrir tafir á framkvæmdum sé stórum áfanga í snjóflóðavörnum á svæðinu að hluta til lokið. „Við erum ekkert sérstaklega óþolinmóð,“ segir hún. „Samskiptin við ofanflóðanefnd hafa gengið mjög vel og sambandið við hana og stjórnvöld hefur verið sérlega gott, það verður ekki annað sagt.“

Framkvæmdir við garða standa yfir á Patreksfirði og garðar fyrir ofan Bíldudal verða kortlagðir á næstunni. „Þetta eru svakalega dýrar og flóknar framkvæmdir og það er alls ekki óeðlilegt að það þurfi tugi milljarða í verkefni,“ segir hún. „En þær geta líka verið sársaukafullar fyrir eldri íbúa á svæðunum því þær eru mikið rask fyrir umhverfið. En tíu milljarðar eru ekki neitt þegar mannslíf eru í hættu.“

Samskipti við ofanflóðanefnd frábær



Miklar framkvæmdir við snjóflóðavarnir hafa verið í gangi undanfarin ár í hlíðunum fyrir ofan Ísafjörð og enn er mikið eftir. Daniel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, ber stjórnvöldunni vel söguna er varðar vilja til áframhaldandi framkvæmda.

„Frá því ég tók við árið 2010 verð ég að segja að samskiptin við ofanflóðanefnd hafa verið algjörlega frábær,“ segir hann. „Allt sem frá þeim kemur hefur staðist og þeir drífa öll mál áfram. Það erum frekar við en þeir sem náum ekki að fylgja þeim öllum eftir.“

Daniel segir fullkomna samstöðu vera innan stjórnvöldanna á Ísafirði vegna garðanna, en vissulega komi upp hitamál þegar stórar framkvæmdir sem þessar séu fyrirhugaðar.

„Þetta eru gríðarlega stór mannvirki,“ segir hann. „Oft átta íbúarnir sig ekki á því hvað er að fara að koma fyrir ofan þá fyrr en grafan mætir á svæðið. En við höfum kynnt málin vel og höfum oftast náð að leysa þau farsælliga.“

Stjórnvöld eiga hrós skilið



Til stendur að ljúka um tveggja milljarða framkvæmdum við Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði árið 2016. Ofanflóðanefnd er nú að kortleggja varnargarða við Eskifjörð, en sú vinna er stutt á veg kominn.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, segir framkvæmdir sem þessar taka sinn tíma. „Mér finnst hafa verið vel að þessu staðið. [Nefndin] hefur verið mjög jákvæð, til að mynda varðandi Fáskrúðsfjörð, sem er kominn vel á veg. Við höfum náð að vinna þetta mjög vel með stjórnvöldum, sem eiga hrós skilið í þessum málum. Samstarfið við sjóðinn hefur verið jákvætt og hann hefur sýnt þessu mikinn skilning.“

ÓDÝRASTA BÓMULLIN Í BÓNUS



198 kr.
120 stk.

B  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BÓÐI

FRÉTTASKÝRING: Ríkisstjórnarsamstarfið

RÍKISSTJÓRN Komandi kosningar eru farnar að setja mark sitt á málflutning ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Búast má við því að þegar nær dregur kosningum skerpi flokkarnir æ meira á eigin áherslum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Innanhússmál beggja flokka

Enn og aftur hefur aðildarumsókn að Evrópusambandinu dregið fram ólíkar áherslur stjórnarflokka. Málið er þeim erfitt, en hverfandi líkur eru á að stjórnin springi á því. Yfirlýsingar síðustu daga gefa tóninn fyrir kosningabaráttuna.

Ummæli tveggja ráðherra Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þeirra Svandísar Svavarsdóttur og Katrínar Jakobsdóttur, um helgina varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) hafa vakið athygli og kallað á viðbrögð samstarfsflokksins. Ummælin voru efnislega á þá leið að blikur á lofti í efnahagsmálum Evrópuþjóða og sú staðreynd að aðildarviðræðunum yrði ekki lokið á þessu kjörtímabili kölluðu á endurskoðun á umsókn Íslendinga.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að þessi ummæli komi sér á óvart. Aldrei

Vinstri grænt, en sá samningur heldur aðeins út kjörtímabilið.

Ljóst er að ESB verður eitt af stóru kosningamálunum og spjótin munu standa á báðum stjórnarflokkunum. Þeir munu þurfa að útskýra sínar áherslur fyrir kjósendum sínum.

Heimildarmönnum Fréttablaðsins innan Samfylkingarinnar ber hins vegar saman um að það sé staða sem flokkurinn þekki vel. Hann geti einfaldlega bent á að lengra hafi ekki verið komist með málið, ekki síst vegna tregðu samstarfsflokksins. Vinstri græn munu á móti ítreka andstöðu sína.

Slíkur málflutningur mun hins vegar mynda gjá á milli stjórnarflokka og draga úr líkum á því að þeir nái saman um samstarf að kosningum loknum. Miðað við skoðanakannanir hafa þeir ekki meirihluta og þyrftu að styðjast við stuðning annarra flokka.

Fallin á tíma?

Alþingi kemur saman 15. september og þá verða fjárlögin til umræðu. Telja verður líklegt að tillaga verði lögð fram um að þjóðin fái að kjósa um hvort við-

“Ég hef fullan skilning á því að málið sé snúið innan raða VG, en það er það kannski ekkert frekar núna en það var í upphafi.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA

hafi verið ljóst hvenær viðræðunum yrði lokið. Æskilegt hefði verið að það gerðist fyrir kosningar og sjálfsagt hafi Vinstri grænt vonast til að svo yrði. Staðan sé hins vegar eins og hún er og skylda ríkisstjórnarinnar sé að leyfa þjóðinni að meta útkomu fullkláraðra samninga.

„Ég hef fullan skilning á því að málið sé snúið innan raða VG, en það er það kannski ekkert frekar núna en það var í upphafi. Það var samningsatriði á milli stjórnarflokka hvernig í málið yrði farið.“

Afstaðan áréttuð

Jóhanna tæpir þarna á helsta vanda Vinstri græns. Flokkurinn er harður á móti aðild að ESB en er í ríkisstjórn sem hefur sótt um aðild að bandalaginu. Þetta hefur reynst honum erfitt og nægir að vísa til gagnrýni núverandi og fyrrverandi ráðherra hans, Ógmundar Jónassonar og Jóns Bjarnasonar, því til sönnunar.

Að sama skapi hefur hins vegar ekkert breyst formlega hvað varðar umsóknina. Efnahagsþrengingar Evrópu breyta ekki undirrituðum stjórnarsáttmálum og fáheyr er að ætla sér slíkar breytingar á síðasta ári kjörtímabils.

Málið verður hins vegar að skoðast í ljósi tímasetningarinnar. Heimildarmenn Fréttablaðsins í röðum vinstri grænna eru sammála um að með yfirlýsingunum hafi stefna Vinstri græns í málinu verið áréttuð. Það sé ekki síst gert til innanflokksbrúks, til að minna kjósendur á að flokkurinn sé andvígur aðild.

Þá verður að teljast afskaplega ólíklegt að þær Katrín og Svandís ætli sér í slag við formann flokksins, Steingrím J. Sigfússon, um málið. Þær eru einfaldlega of nánir samstarfsmenn hans til þess.

Samfylkingin einangruð

Málið leiðir hins vegar hugann að þeirri staðreynd að Samfylkingin er algjörlega einangruð þegar kemur að ESB. Flokknum tókst að semja um aðildarumsókn við

ræðunum verður haldið áfram eða ekki.

Lög gera ráð fyrir að þjóðaratkvæðagreiðsla verði ekki fyrr en í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir samþykkt slíkrar tillögu. Það þýðir að varla er hægt að halda atkvæðagreiðsluna fyrr en eftir áramót, þótt tillagan fengi skjóta afgreiðslu.

Heimildarmenn blaðsins telja ólíklegt að slíkar aðstæður komi upp. Þá mundi Samfylkingin alltaf líta á samþykkt slíkrar tillögu, af hálfu vinstri grænna, sem brot á stjórnarsáttmálanum. Umræða um hana snerist því í raun um líf ríkisstjórnarinnar.

Skilaboð til flokksmanna

Umræðuna um helgina er því helst hægt að skýra með því að hún sé ætluð til heimabrúks. Kosningavetur er í nánd og Vinstri græn munu þurfa að skerpa á sérstöðu sinni. Ekki má gleyma því að í fjölmörgum kjördæmum berst flokkurinn við Framsóknarflokkinn um atkvæði og skýr ESB-andstaða verður þar í hávegum höfð.

Málið er einnig innanhússmál hjá Samfylkingunni og svo virðist sem æ fleiri geri sér grein fyrir því. Stefán Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands, skrifaði nýverið í pistli að hagsmunum Samfylkingarinnar yrði best borgið með því að frysta málið.

Í því ljósi er athyglisvert að ekki hefur borið mikið á harðri baráttu Samfylkingarfólks fyrir ESB-aðild. Vissulega er talað um að halda viðræðuferlinu áfram, en raunveruleg tilraun til að sannfæra þjóðina um kosti aðildar er ekki áberandi.

Að öllu sögðu er þetta mál frekar vitnisburður um það sem koma skal í kosningabaráttunni heldur en að stjórnin sé að liðast í sundur.

Bið gæti verið skynsamleg



Ef ekki er hægt að klára samningaviðræðurnar vel fyrir kosningar ættu stjórnarflokkarnir í sameiningu að skoða alvarlega að fresta viðræðunum þar til staða mála í Evrópu og framtíðarskipan ESB er orðin ljósari. Í Brussel myndu menn skilja slíka afstöðu.

Frestun yrði súr fyrir suma Samfylkingarmenn, einkum þá sem þegar eru búnir að

móta sér afstöðu án þess að samningar hafi verið kláraðir. Hinir, sem hafa þá skynsömu afstöðu að vilja sjá samninginn fyrst, ættu að geta beðið. Óvissan í Evrópu segir okkur að bið gæti verið skynsamleg við þessar aðstæður.

Stefán Ólafsson, prófessor við HÍ, á heimasíðu sinni.



Málþing

Í tilefni af heimsókn Snædrekan

Háskóla Íslands, föstudaginn 17. ágúst kl. 8.30–13.00

Í tilefni af heimsókn kínverska rannsóknisbrjótsins Snædrekan til Íslands verður efnt til málþings 17. ágúst nk. kl. 8.30–13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands. Íslenskir og kínverskir vísindamenn flytja erindi um rannsóknir sem tengjast leiðangri Snædrekan og málefnum norðurslóða. Lokaorð málþingsins á forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson.

Málþingið, sem fer fram á ensku, er öllum opið. Þátttakendur eru beðnir að skrá sig í síðasta lagi miðvikudaginn 15. ágúst á slóðinni www.hi.is/snaedrekinn, en þar er einnig að finna dagskrá þingsins og nánari upplýsingar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

LJÓSadAGAR

Komdu og gerðu góð kaup

á Ljósadögum Pfaff.

Þú færð ókeypis ráðgjöf

ljósaönnuðar, toppgæði

og glæsilega hönnun á

frábæru verði hjá okkur.



LOFTLJÓs HALOGEN 50W
VERÐ ÁÐUR 11.900,- NÚ 8.000,-

SPARAÐU 33%



ISACA BORDLAMPI
VERÐ ÁÐUR 5.990,- NÚ 2.995,-

SPARAÐU 50%



GÓFLAMPI MED LESARMI
VERÐ ÁÐUR 29.800,- NÚ 18.000,-

SPARAÐU 40%



LOFTLJÓs
VERÐ ÁÐUR 24.900,- NÚ 12.000,-

SPARAÐU 50%



AXELLE VEGGLJÓs
VERÐ ÁÐUR 13.900,- NÚ 7.800,-

SPARAÐU 45%



LOFTLJÓs
VERÐ ÁÐUR 45.900,- NÚ 30.000,-

SPARAÐU 35%

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Er hægt að kalla Biblíuna hatursáróður?

Umdeild auglýsing

Auglýsing, sem birtist í Fréttablaðinu á laugardaginn, hneykslaði marga lesendur, og það skiljanlega. Þar birtist tilvitnun í fyrri Kórintubréf Páls postula, þar sem „kynvillingar“ eru taldir upp í langri runu síðleysingja og glæpamanna, sem muni ekki erfa Guðs ríki.

Reiði lesenda blaðsins reis aðallega af tvennu, annars vegar að auglýsingin skyldi birtast daginn sem gleðiganga samkynhneigðra fór fram, og hins vegar af því að nafn auglýsandans kom hvergi fram. Sumir gerðu því þess vegna skóna að ritstjórn blaðsins bæri ábyrgð á henni eða gerði boðskapinn að sínum.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Að fara ekki fram á að auglýsandi nafngreindi sig voru mistök, sem gerð voru við móttöku auglýsingarinnar og Fréttablaðið hefur beðizt afsökunar á. Sú regla gildir í blaðinu að innlegg í opinbera umræðu, hvort sem þau eru í formi auglýsinga eða til dæmis aðsendra greina, séu undir nafni.

Ritstjórn Fréttablaðsins tekur ekki með nokkrum hætti undir boðskapinn, enda hefur hún með margvíslegum hætti haldið réttindabaráttu samkynhneigðra á lofti. Í blaðinu birtast hins vegar – eðlilega – alls konar skoðanir sem starfsfólk þess er innilega ósammála.

Ýmsir hafa talið að auglýsinguna hefði ekki átt að birta, jafnvel þótt auglýsandi, Rússneska rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi, hefði verið nafngreindur. Margir hafa kallað textann hatursáróður í garð samkynhneigðra, sem fjölmiðlar megi lögum samkvæmt ekki miðla.

Það liggur hins vegar ekki í augum uppi. Þótt það sé augljóst að fyrir Rétttrúnaðarkirkjunni vakti að kasta rýrd á samkynhneigða og réttindabaráttu þeirra hefði verið hæpið að neita að birta beina tilvitnun í útbreiddasta og aðgengilegasta rit hins vestræna heims. Ekkert lýðræðisríki hefur bannað Biblíuna sem hatursáróður. Að minnsta kosti þangað til dómstólar komast að annarri niðurstöðu, væri ákaflega hæpið af fjölmiðlum að banna fólki að birta biblíutilvitnanir í formi auglýsinga.

Biblían inniheldur alls konar mótsagnir. Þar má finna réttlætningu á ýmsu, sem fáir kristnir söfnuðir viðurkenna í dag, til dæmis dauðarefsingu og þrælahaldi. En í kærleiksboðskap hennar er líka að finna skýran rökstuðning fyrir réttindum samkynhneigðra, þótt bókstafstrúarmenn kjósi að vitna ekki í þá parta. Í því tilviki sem hér um ræðir var valin sú þýðing Biblíunnar sem inniheldur fordómafyllsta orðalagið; í nýjustu þýðingu Biblíunnar og ýmsum eldri er orðið kynvilling hvergi að finna í þessu versí Kórintubréfsins.

Fjölmiðlum ber ekki aðeins lögum samkvæmt að dreifa ekki hatursáróðri. Þeim ber líka að standa vörð um tjáningarfrelsið og taka ekki þátt í mismunum á grundvelli trúarskoðana. Fjölmiðlar væru á hálum ís ef þeir neituðu viðurkenndum trúfélögum um að birta tilvitnanir í grundvallarrit þeirra í auglýsingum.

Í umræðum um þetta efni eins og svo mörg önnur gildir að allir eiga að vera menn til að miðla skoðunum og upplýsingum undir nafni. Og tjáningarfrelsið á ekki aðeins við um skoðanir og trú sem flestum er þóknarleg, heldur nær það líka yfir hinar óvinsælu minnihlutaskoðanir. Það er undir dómgreind hvers og eins komið hvort hann lætur þær hafa áhrif á sig. Birting þessarar auglýsingar er líklegri til að hafa áhrif á orðstír Söfnuðar Moskvu-Patríarkatsins á Íslandi en á réttindabaráttu samkynhneigðra.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Glötuðu tækifærin

Andrés Jónsson er innanbúðarmaður í Samfylkingunni. Hann er, eins og margir aðrir, hugsi yfir því hvernig komið er fyrir aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu. Hann spyr einfaldrar en áhugaverðar spurningar í pistli á heimasíðu sinni; Hvað gerðist eiginlega? Andrés rekur að í aðdraganda síðustu kosninga var 2/3 hluti kjósenda fylgjandi umsókn sem og meirihluti atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin. Þá hafi íslensk króna átt sér fáa fylgismenn. Andrés kemst að þeirri áhugaverðu niðurstöðu að saga ESB-málsins í meðförum Samfylkingarinnar í ríkisstjórn sé saga hinna glötuðu tækifæra.

Eins máls flokkur

Andrés kvartar yfir því að andstæðingar Samfylkingarinnar hafi gert sér far um að útmála ESB-aðild sem eina stefnumál Samfylkingarinnar. Vissulega hefur flokkurinn haft fleiri mál á stefnuskrá sinni. Það verður hins vegar ekki horft fram hjá því að ansi oft gripu Samfylkingarmenn til ESB og evrunnar spurðir um ráð við efnahagsvandannum í kjölfar hrunsins.

Fordæmi forsetans

Ljóst er að umræðuna um ESB-umsókn verður að skoða út frá þeirri



staðreynd að nú stýttist í kosningum. Líkt og Andrés bendir á hefur stuðningur við aðild farið minnkandi. Haft er fyrir satt að ansi margir horfi til niðurstöðu forsetakosninganna sem mælistiku á málið. Án þess að nokkuð sé fullrytt um ástæður hvers og eins kjósenda að baki atkvæði sínu, verður ekki fram hjá því litið að eftir að Ólafur Ragnar Grímsson setti kosningarnar undir mæliker Evrópumála hriðféll stuðningur við Þóru og jókst um leið við Ólaf. Margir telja því að forsetinn hafi sýnt fordæmi varðandi það hvernig hægt er að nýta sér andúð Íslendinga á ESB sér til framdráttar.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Biblían og bókstafurinn

Trúmál



Árni Svanur Daníelsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Nafnlaus auglýsingin sem birtist í Fréttablaðinu um helgina vakti sterk viðbrögð. Auglýsingin og viðbrögðin gefa tilefni til að ræða um Biblíuna og notkun hennar í samtímanum.

Algeng og kannski eðlileg viðbrögð við því að sjá svona vitnað til texta um „saurlífismenn, skurðgoðadýrkendur, hörkarla, kynvillinga“ eru að ganga út frá því að þar með sé hægt að slá einhverju föstu um afstöðu trúaðra um tiltekið efni – s.s. samkynhneigð – í samtímanum. En er það svo?

Biblían er trúarrít kristinna og inniheldur ólík rit frá ólíkum tímum, rituð í margvíslegum tilgangi. Í Biblíunni er margt sem er svo framandi okkur í menningu og tíma að það missir algjörlega marks að slengja því fram samhengislaust. Versið í auglýsingunni er gott dæmi um þetta. Ekki er með neinu móti hægt að halda því fram að þar sé fjallað um ástrík sambönd samkynhneigðra í samtímanum.

Um hvað fjallar textinn þá? Rannsóknir á Nýja testamentinu sýna að bréf Páls til safnaðarins í Korintu hefur ótal skírskotunar- og síðfræði, rökfræði og venjur þess tíma. Þessi vers eru hluti af lastalista og ber að skoðast í samhengi við hugmyndir

Í Biblíunni er margt sem er svo framandi okkur í menningu og tíma að það missir algjörlega marks að slengja því fram samhengislaust.

um dyggðir og sjálfsstjórn á 1. öld okkar tímatala.

Kristin manneskja byggir ekki trú sína á bókstöfum og lögmáli, heldur fyrirheitinu um frelsi og ást Guðs, eins og það birtist í Jesú frá Nasaret. Mælistikan á það sem stendur í Biblíunni er hvort það þjóni þessu frelsi eða vinni gegn því.

Bókstafshyggja, eins og sú sem lesa má úr auglýsingunni, er og hefur alltaf verið framandi stærstum hópi þeirra sem aðhyllast kristna trú. Að smætta kristni í bókstafstrú og tefla henni gegn manneskjunn, vinnur gegn eðli hennar og er til skaða í samfélaginu. Auglýsingin um helgina minnir okkur á það.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



KENNARI

Vegna forfalla vantar kennara í uppeldisfræði,
24 kennslustundir á viku á haustönn 2012

Allar upplýsingar gefur Stefán Benediktsson
í síma 570 5600 eða á sb@fb.is

Skólameistari

Austurbergi 5, 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbref 567 0389 Tölvupóstur fb@fb.is www

SMS-æði unglunga



HEILSA
Teitur Guðmundsson læknir

hlýtur því að vera markmið að geta skrifað hraðar og styttra svo ekki sé verið að eyða öllum deginum fyrir framan smáskjá með tilheyrandi höfuðverk og sjóntruflun.

Það er sennilega þetta sem gerir það að verkum að íslenskukennarar skilja ekki lengur stíla sem nemendur þeirra skila þar sem þeir eru skrifaðir á tungumáli sem er gert fyrir símasamskipti. En að öllu gamni slepptu þá eru ýmsir þættir sem maður hefur áhyggjur af varðandi þessa miklu notkun.

Fyrst má nefna hið andlega álag sem fylgir því að vera undir stöðugri pressu að svara þeim skeytum sem eru send til einstaklings

því að skilaboð séu að koma áður en síminn gefur merki um slíkt. Þetta er auðvitað ávanahegðun og það sem á fagmáli er kallað „craving“ en það útlístar þörfina fyrir einhverju, í þessu tilfalli skilaboðum eða samskiptum í gegnum miðil sem þennan.

Ég hef talsverðar áhyggjur af þessari þróun, þó er ég af kynslóð tölvuleikjanna og fékk minn skerf af þeim. Ég hef fylgt eftir tæknivæðingunni og nota snjallsíma við vinnu sem mér þykir mjög hentugt, en átta mig á sama tíma á ávanabindingu þessa tækis. Það hefur verið sýnt fram á aukna færni einstaklinga á ýmsum sviðum sem alast upp við slíkar aðstæður og þessi kynslóð er mjög

„ Vinningshafinn Austin Weirschke, sextán ára drengur frá Bandaríkjunum varði titil sinn sem fljótasti sms-skrifari þarlendis.

Hann skrifar að meðaltali um fimm hundruð sms á dag ef marka á fréttamiðla erlendis sem hafa að sjálfsgöðu fjallað um þetta afrek hans.

svo hann verði ekki útundan eða fái skítkast fyrir að svara ekki og verði utanveltu fyrir vikið, en dæmi um slíkt hafa komið inn á borð til undirritaðs. Þá var ástæða komu til læknis vanlíðan og streitueinkenni sem áttu rót sína að rekja til þessa hegðunarmynsturs.

Þeir sem nota snjallsíma eru með tengingu við tölvupóst, Facebook og ýmislegt fleira sem gerir að verkum að fylgjast þarf með fleiri en einum samskiptamiðli og veldur það spennu og jafnvel fíkn að bíða eftir skilaboðum. Sumir hafa gengið svo langt að segja að þeir finni fyrir

tæknivædd og getur stutt færni sem kölluð er fjölverkavinnsla eða multitasking á ensku sem er afar jákvætt.

Það er hins vegar stutt á milli þess sem kalla mætti hagnýti og kosti þessa áreitis og þess sem við læknar erum að kljást við sem eru vanlíðan, samskiptavandi, léleg sjálfsmynd, einelti og kvíði. Það eru auðvitað fyrst og fremst alvarlegri tilfalli en ljóst er að við erum með þessu hegðunarmynstri að ýta undir einangrun, þvert á það sem við kynnum að halda og það er því þörf fyrir virka umræðu um farsímanotkun og ávanahegðun bundna þeim.

Vilji er allt sem þarf



Hagstjórn
Guðmundur Franklín Jónsson formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Alvarlegum vanskilum heldur áfram að fjölga og um tuttugu og sjö þúsund einstaklingar eru í alvarlegum vanskilum og hafa aldrei verið fleiri. Fjöldi fasteigna sem seldar eru nauðungarsölu hefur tvöfaldast í Reykjavík á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Einstaklingum sem eru í alvarlegum vanskilum fylgja stöðugt. Ekkert lát er á þessari þróun samkvæmt tölum Creditinfo. Tíundi hver fjárráða Íslendingur er í alvarlegum vanskilum. Creditinfo telur verulegar líkur á því að uppboðsmálum muni fjölga verulega og nauðungarsölur nái hámarki næsta vorið 2013.

Stjórnuhrað forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttir (JS), hefur haft mörg tækifæri til þess að afnema verðtrygginguna og breyta kerfinu sem æðsti yfirmaður Íbúðalánasjóds um árabíl og sat í ríkisstjórn þegar MiFID-reglur Evrópusambandsins voru lögfestar þann 1. nóvember 2007. Við þessa laga-breytingu átti að afnema verðtryggingu af neytenda- og húsnæðislánunum almennings. Var JS samkvæm sjálfri sér þegar hún skrifaði grein fyrir nokkru síðan sem bar nafnið „Ísland eina landið sem verðtryggir skuldir heimilanna“? JS segir í grein sinni: „Efnahagsleg rök og sanningirn mæla með því að verðtrygging á lánum til heimilanna verði alfarið bönnuð, að ríkisstjórnin sé föst í gamla verðbólgu hugsunarhættinum ... Grænmetisverð eykur skuldir heimilanna. Fólkið skilur því ekki hvernig höfuðstóll skuldanna vex sífellt. Er nema von að það skilji ekki ástæðurnar ...“

Hvergi annars staðar
Þáverandi alþingismaður segir enn fremur: „Meginniðurstaðan er að verðtrygging er ekki á lánum til heimila í löndum OECD, að Íslandi undanskildu ... Gjaldþrot heimilanna hafa vaxið gífurlega ... Allt þetta ætti nú að skapa forsendur til að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum heimilanna ... En allt kemur fyrir ekki. Rökstuðningur ráðherrans í svari við fyrirspurn minni byggist á gamla verðbólguhugsunarhættinum, sem ríkisstjórnin virðist föst í. Það mæla bæði efnahagsleg rök og sanningirn með því að verðtrygging á lánum til heimilanna verði alfarið bönnuð á næstu miss-erum.“ Svo mörg voru orð JS.

Persónulegt stjórnuhrað
Ferill JS á þessu kjörtímabili er persónulegt stjórnuhrað. Stjórn landsins er komin í slíkar ógöngur og þræta hennar kemur í veg fyrir raunhæfar aðgerðir til að bæta hag þjóðarinnar. Stjórnvöld hafa tekið stöðu með fjármálafrýrtækjunum og erlendum vogunarsjóðum gegn almenningi. Verðtryggingin hefur lagst á fullum þunga á skuldbætt heimili landsins, en fjármagnseigendur eru varðir að fullu. Engin verðtrygging er á húsnæðislánunum annars staðar í heiminum. Ekki er líklegt að einhver önnur þjóð í heiminum láti þjóða sér svona fyrirkomulag. Þjóðin kallar eftir ábyrgð og fái hafa haft það orð oftar á tungu en Jóhanna Sigurðardóttir.

Kynslóðasátt
Helsta baráttumál Hægri grænna, flokks fólksins í næstu alþingiskosningum verður skuldaleiðrétting á verðtrygðum húsnæðislánunum sem við köllum „kynslóðasátt“ og geta menn nálgast hugmyndir okkar á www.XG.is. Við verðum að gefa fjölskyldum þessa lands ný spil og byrja upp á nýtt. Vilji er allt sem þarf.

FÁÐU GÓÐ RÁÐ VIÐ OFNÆMI NEUTRAL.IS



Astma- og ofnæmisfélagið á Íslandi mælir með vörum frá Neutral



ÍSLENSKA SÍMA SÍM NÁT 6065/04.2012



Hvað má læra af Hörpu?

Stjórnsýsla

Bergur Hauksson

lög- og viðskiptafræðingur



Tap er af tónlistarhúsinu Hörpu. Rifjum upp forsögu hússins í stuttu máli. Ákveðið var af ríki og borg að byggja tónlistar- og ráðstefnuhús í einkaframkvæmd. Ákveðnar forsendur voru í útboðslýsingunni. Húsið átti að vera 17.000 m², 18-20.000 m² hótél, sem framkvæmdaaðili myndi reisa og reka á eigin kostnað, og 38.000 m² í öðrum byggingum, sem framkvæmdaaðili myndi kaupa byggingarrétt á og ráðstafa að eigin vild.

Í útboðsferlinu voru að lokum valdir tveir hópar til að fullmóta sínar tillögur. Annar hópurinn (kallaður hópur A) lagði fram tillögu með húsi í samræmi við útboðslýsingu, stærð og verð (höfundur þessarar greinar var starfsmaður hjá einu þeirra fyrirtækja sem voru í þessum hópi). Hinn hópurinn, hópur Hörpunnar, lagði fram tillögu að húsi sem er töluvert stærra en forsendur útboðslýsingar sögðu til um, það er að segja Hörpuna sem er 28.000 m². Hópur Hörpunnar fékk hæstu einkunn fyrir lausn á rekstri bílastæða, viðskiptaáætlun, fjárhagslegan og stjórnunarlegan styrk og metnaðarfulla dagskrá og starfsemisáætlun.

Harpan er 64% stærri en forsendur útboðslýsingar gerðu ráð fyrir. Stjórnendur Hörpunnar kvarta yfir að tekjur hafi ekki skilað sér vegna reksturs bílastæðahúss, samt fékk tillagan hæstu verðlaun fyrir rekstur bílastæða. Einnig fékk hópur Hörpunnar hæstu einkunn fyrir viðskiptaáætlun. Í viðskiptaáætlun fyrir Hörpuna er gert ráð fyrir að fasteignagjöld séu af

húsi sem kostar rúma sjö milljarða króna en Harpan kostaði um þrjátíu milljarða króna.

Þegar hópur A benti á, strax í upphafi, að Harpan væri ekki í samræmi við útboðslýsingu og þær tekjur sem fram væru lagðar af hendi ríkis og borgar til að reka húsið yrðu ekki nægar var því svarað til að það væri vandamál rekstaraðilans (Portus, Titus eða Totus) en ekki ríkis og borgar. Þá var bent á að ef verkefnið gengi ekki upp yrðu ríki og borg að taka við því. Það var talið mjög langsótt og jafnvel fyndið.

Ríki og borg þurftu þrátt fyrir það að taka verkefnið yfir. Við það tímamark var um tvennt að ræða. Annars vegar að brjóta niður það sem komið var og hætta við verkefnið eða hins

■ Hvernig unnu dómnefndir, hvernig komust þær að niðurstöðum sem virðast ekki ganga upp?

■ Þegar ákveðið var að halda verkefninu áfram eftir hrun var aðilum þá ekki ljóst að það væri mikið stærra en tekjugrundvöllur gerði ráð fyrir?

■ Hvers vegna fékk hópur Hörpunnar hæstu einkunn fyrir viðskiptaáætlun sem innihélt augljósa villu að því er varðar fasteignagjöld, villu upp á nokkur hundruð milljónir króna?

■ Miðað við fjármögnun Hörpunnar í upphafi virðist hópurinn hafa áætlað að fjármagna verkefnið í erlendri mynt þrátt fyrir að tekjur væru í íslenskum krónum. Hvers vegna fékk hópur Hörpunnar hæstu einkunn fyrir

Harpan er 64% stærri en forsendur útboðslýsingar gerðu ráð fyrir. Stjórnendur Hörpunnar kvarta yfir að tekjur hafi ekki skilað sér vegna reksturs bílastæðahúss, samt fékk tillagan hæstu verðlaun fyrir rekstur bílastæða.

vegar að halda verkefninu áfram. Það var ákveðið að halda áfram. Það hlaut, öllum sem hafa einhverja innsýn í verkefnið, að vera ljóst að það stæði aldrei undir sér nema því yrði breytt á einhvern hátt. Í fyrsta lagi vegna þess að húsið var miklu stærra en tekjuforsendur útboðsgagna gerðu ráð fyrir og í öðru lagi vegna þess að allar stoðforsendur voru ekki lengur fyrir hendi.

Spyrja má:

■ Hvers vegna var byggt svo mikið stærra hús en útboðslýsing gerði ráð fyrir (jafnframt má spyrja hvort það hafi verið í samræmi við reglur um opinber innkaup)?

viðskiptaáætlun og fjárhagslegan styrk með þessar forsendur? Hópur A ráðgerði fjármögnun í íslenskum krónum þar sem tekjur voru í krónum. Það þótti greinilega ekki eins gott.

Fleiri spurninga mætti spyrja. Aðalatriðið er þó að reyna að læra af þessu. Húsið er komið og við verðum að vona að stjórnendur hafi einhverjar frjórri hugmyndir til að bæta rekstur þess en að hækka leigu hjá Sinfóníuhljómsveitinni og Íslensku óperunni. Það breytist ekkert við það.

Hefði verið farið eftir upphaflegum forsendum í útboðslýsingu eins og að sjálfsögðu bar að gera verður að telja að verkefnið stæði undir sér.

Hlustum á hafið

Nýsköpun

Ólafur St. Arnarson

Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni hjá Veðurstofunni.



Stór hluti landgrunns Íslands er í farsímasambandi. Það mætti nota til að fylgjast með náttúruhafsins í rauntíma.

Árið 2009 komst þjarkafley frá Havaí til Kaliforníu. Einu fyrirmælin sem þjarkinn fékk var lokastaðsetning. Á 82 dögum kom

þjarkinn sér á áfangastað. Stýri- og staðsetningarbúnaður var knúinn af sólarorku en ölduhreyfingu sjávar notaði þjarkinn til að knýja sig áfram. Fyrirtækið Liquid Robotics sem bjó til þetta þjarkafley kallar það Wave Glider. Stærð þess er álíka og brimbretti. Liquid Robotics er með stóra drauma. Það sér fyrir sér þúsundir slíkra þjarka um öll heimsins höf, safnandi að sér upplýsingum um hafið. Sala þessara upplýsinga á að verða þeirra aðaltekjulind. Ef viðskiptavinur vill safna þessum upplýsingum sjálfur getur hann það en stykkið er selt á um tíu milljónir króna.

Bretinn Mark Neal og Frakkinn Yves Brière hafa líka áhuga á að safna upplýsingum um hafið. Útfærsla þeirra er hins vegar allt önnur. Árið 2006 bjuggu þeir til keppnina MicroTransat í þeirri von að það myndi örva smíði smárra skútubjarka. Út frá þeim liðum sem stæðu sig vel myndu spretta fyrirtæki sem hægt yrði að versla við til þess að framkvæma alþjóðlegar hafrannsóknir á skala svipuðum og Liquid Robotics dreymir um. Áhugi á þessari

keppni hefur ekki orðið eins mikill og vonast var til og verkefnið kannski erfiðara en talið var. Enn hefur enginn skútubjarki komist yfir Atlantshafið og í mark.

Rauntímaupplýsingum um ástand hafsins er líka hægt að safna neðan frá. Bandaríski herinn hefur eytt um 3.000 milljörðum króna frá árinu 1949 til dagsins í dag í að hlusta eftir kafbátum með hljóðnemanetum sem liggja á sjávarbotninum. Kerfið nefnist SOSUS. Þar sem kerfið var smíðað í ákveðnum tilgangi var hljóðum náttúrunnar ekki skipulega safnað saman



Rauntímaupplýsingum um ástand hafsins er líka hægt að safna neðan frá.

heldur miklu frekar skipulega hent. Meðal þeirra náttúruhljóða sem hægt er að staðsetja eru jarðskjálftar, neðansjávargöng, ísbrestir, rækjasmellir, fiskitorfur og hvalahljóð. Fljótlega upp úr 1980 gátu kafbátar kafað hljóðlaust og kerfið því gagnslítið til kafbátaleit- ar eftir það. Nú hafa stórir hlutar þess verið lagðir niður. Sá

hluti sem eftir stendur er notaður í mun meira mæli til rannsókna. Rekstri kerfisins kringum Ísland virðist hafa verið hætt árið 1996. Því miður virðist sem hljóðnemanetið kring um Ísland hafi verið mjög lítið notað til rannsókna. Síðasta rannsóknin var líklega samanburður við jarðskjálftanet Norðmanna. Í ljós kom að hljóðnemanetið reyndist tveimur til þremur stærðargráðum næmara á svæðinu milli Íslands og Svalbarða en jarðskjálftanet Norðmanna. Líklega munu áratugir líða þar til hægt verður að fylgjast með þeim hluta fiskveiðilögsögunnar sem ekki er í farsímasambandi eins og hægt hafið verið að gera í fjörutíu ár fyrir árið 1996.



Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR
MARAPÓN
ÍSLANDBANKA

Íslandsbanki,
stoltur stuðningsaðili í 15 ár

Í átt til nýrra tíma

Menntamál

Elsa Haraldsdóttir
meistaraneimi í heimspeki

Kristian Guttesen
meistaraneimi í heimspeki og formaður Félags heimspekikennara



grein í Aðalnámskrá 1979 og er þá sett inn samhliða kristin- og trúarbragðafræði. Í nýrri Aðalnámskrá fær siðfræðin í fyrsta skipti sitt eigið hlutverk innan samfélagsfræðigreina, óháð kristin- og trúarbragðafræði, og er nú ólíkt áður sett í samhengi við heimspeki. Sjálfsagt eru viðfangsefni siðfræðinnar áþekkt nú og þau voru fyrir þessum áratugum síðan, en það er mikil framþróun að nú er hún dregin fram í dagsljósið og fær meira vægi innan skólastarfsins, þar sem segja má að hún standi nú á eigin fótum. Leiða má líkur að því að nýtt hlutverk siðfræðinnar innan skólastarfsins sé svar við umræðunni í kjölfar bankahrunsins, þegar fram kom skýr krafa um eflingu gagnrýnnar hugsunar og siðfræði.

staldra við og beina sjónum að orðalaginu siðfræði ásamt heimspeki. Fyrir alla þá sem fengist hafa við heimspeki kemur þetta orðalag spánst fyrir sjónir. Það er vegna þess að siðfræðin er og hefur alltaf verið ein af undirgreinum heimspekinnar en ekki ófugt. Af þeim sökum má velta fyrir sér hvers vegna standi ekki heimspeki ásamt siðfræði. Hér kann einhver að hrópa upp með sér: Þvílík smámunasemi, skiptir það máli hvort sagt er krónur og aurar eða aurar og krónur? Í stóra samhenginu skiptir það eflaust ekki öllu, það að siðfræði sé hluti af samfélagsgreinum ásamt heimspeki er í sjálfu sér jákvætt. Hins vegar gerir það, að framsetningin er með þessum hætti, það að verkum að ekki er

þegar kallað var eftir henni. Siðfræði er ekki mótun á æskilegum gildum. Hlutverk hennar er að styrkja nemendur í að tileinka sér siðferðilega en þó sjálfstæða hugsun. Efling siðfræði felur ávallt í sér eflingu gagnrýnnar hugsunar. Slík hugsun byggir fyrst og síðast á heimspekilegri aðferðafræði og hugsunarhætti. Þar af leiðir, ef siðfræðin er aftengd eða sett í forgrunn, á undan heimspeki eða gagnrýnni hugsun, þá á hún á hættu að enda sem mótun á æskilegum gildum eða siðabodskap. Slík nálgun er dæmd til að enda á sama stað og þegar kallað var eftir aukinni siðferðilegri vitund í kjölfar bankahrunsins. Skýr framsetning er grundvöllur að sameiginlegum skilningi á markmiðum og tilgangi náms, sem aftur er lykillinn að farsælu skólastarfi. Lestur Aðalnámskrár svarar ekki með fullnægjandi hætti hvað átt sé við með siðfræði og hvert hlutverk hennar sé í almennri menntun. Fyrirnefnd framsetning, siðfræði ásamt heimspeki, býður upp á misskilning og bjögum þeirra markmiða sem stefnt er að.

Við fögnum þrátt fyrir það nýrri námskrá og þeim breytingum sem hún hefur í för með sér fyrir siðfræðikennslu jafnt og menntun almennt. En Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út af mennta- og menningarmálaráðuneyti og henni er öllum skólum landsins skylt að vinna sína skólanámskrá út frá. Framsetning á tilgangi og markmiðum þarf því að vera skýr og einföld. Áskoranirnar eru nægar nú þegar við innleiðingu nýrrar menntastefnu.

En Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneyti og henni er öllum skólum landsins skylt að vinna sína skólanámskrá út frá. Framsetning á tilgangi og markmiðum þarf því að vera skýr og einföld. Áskoranirnar eru nægar nú þegar við innleiðingu nýrrar menntastefnu.

Nú eru sérstakir undirkaflar fyrir sérhverja námsgrein aðalnámskrárinnar til umsagnar á vef ráðuneytisins. Lokafrestur til að skila inn athugasemdum er 7. september næstkomandi og eru umrædd drög tilefni þessa greinarkorns. Í almenna hluta Aðalnámskrár kemur orðrétt fram að undir samfélagsgreinar falli meðal annars „samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki“. Hér langar okkur að

hægt annað en að setja spurningarmerki við hugsunina sem þar liggur að baki. Hvaða merking er lögd í hugtakið siðfræði og hvernig er markmiðum siðfræðikennslu náð? Hafa verður í huga að siðfræði er og verður aldrei neitt annað en heimspeki. Þegar hún hættir að vera heimspeki, eða þegar hún verður sögð þess umkomin að koma á undan heimspeki (og heimspekileg hugsun þá væntanlega á eftir), þá hættir henni fljótt til að fást við eitt-hvað annað en henni var ætlað

Ekki er öll vitleysan eins

Peningamál

Tryggvi Gíslason
formaður stjórnar menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal



Már Guðmundsson selabankastjóri sagði frá því á ársfundi Seðlabankans í lok mars að bankinn undirbyggir útgáfu nýs peningaseðils, en ákvæðisverð hins nýja seðils, eins og það heitir og mun átt við verðgildi seðilsins, verður tíu þúsund krónur. Ástæðan er sögð verðlagsþróun og aukin seðlamagn í umferð sem gefur tilefni til að meta þörfina fyrir útgáfu nýs peningaseðils með hærra ákvæðisverði og verður seðillinn búinn fleiri og fullkomnari öryggisþáttum en hingað til hafa verið fyrir hendi. Útlit seðilsins verður í svipuðum stíl og fyrri seðla, en myndefnið tengist Jónasi Hallgrímssyni og skartar seðillinn einnig lögunni, að því er selabankastjóri greindi frá.



JÓNAS HALLGRÍMSSON Á tíu þúsund króna seðli

Gaman væri að vita hver fengið hefur þessa fráleitu hugmynd og hvers Jónas Hallgrímsson á að gjalda. Jónas Hallgrímsson, einn fyrsti menntaði náttúrufræðingur Íslendinga og fyrsta íslenska nútímaskáldið, ástmögur þjóðarinnar, listaskáldið góða, tengdist í lífi sínu og starfi ekki peningum – heldur öðrum verðmætum eins og þeir vita sem eitthvað vita um Jónas Hallgrímsson. Jónas Hallgrímsson var fátækur vísindamaður og skáld og hvernig heilvita mönnum kemur til hugar að tengja myndefni á stærsta peningaseðli lýðveldisins og þá meðal annars lögunni, er með öllu óskiljanlegt, og hafi, ef einhver, fugl verið fuglinn hans var það þrósturinn: „Þróstur minn góður, það er stúlkán mín.“ Fyrir hönd Jónasar Hallgrímssonar krefst ég lögbanns á útgáfu tíu þúsund króna peningaseðils Seðlabankans.



Þú getur heitið á vini og vandamenn á hlaupastyrkur.is

Hlaupum til góðs
Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagsi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

Skráning hafin á maraþon.is
Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 18. ágúst. Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



RAUÐAR OG GÓÐAR

Rauðrófur eru afar hollar. Þær eru ríkar af kalki og jární. Rauðrófur eru afar góðar í salöt, t.d. með eplum og hnetum. Oftast eru þær soðnar en einnig bakaðar í ofni. Sumir vilja rífa þær niður hráar. Rauðrófur eru mikið notaðar í heilsudrykki.



Hnéhlífar

BAUERFEIND®



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



GLÆSILEGT NÝTT SNIÐ



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar

Vertu vinur

Teg. 12047 - mjög fallegur í C,D,E skálum
á kr. 5.800,- buxur í stíl á kr. 1.995,-



Útsala 40-70% afsláttur

Selena

Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

praxis

... þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar - 14.500 kr.



Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjólubláu

Erum einnig með gott úrval af bómullarbolum og mikið úrval að vinnufatnaði kikið á praxis.is

Bonito ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 • www.praxis.is • soo.dk
Opið mán. - fös. kl. 12-18. Lokað Laug.



HLAUPIÐ MEÐ LATABÆ

GÓÐ SKEMMTUN Latabæjarhlaupið er fjölmennasta hlaup landsins ætlað börnum. Hlaupið verður haldið næsta laugardag og er búist góðri þátttöku barna og háværum stuðningi eldri fjölskyldumeðlima.

Það verður mikið um dýrðir í miðbæ Reykjavíkur næsta laugardag þegar Latabæjarhlaupið fer fram. Þetta er í sjöunda skiptið sem hlaupið fer fram og er keppt í Hljóm-skálagarðinum og nágrenni hans. Latabæjarhlaupið er ætlað börnum átta ára og yngri og er keppt í fimm flokkum. Gerður Þóra Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi Reykjavíkumaraþons, segir þátttökuna almennt góða milli ára en veðurspáin hafi alltaf mikil áhrif. „Fyrsta árið sem hlaupið fór fram tóku rúmlega 4.400 krakkar þátt en þá gerðum við okkur litla hugmynd um hver þátttakan yrði. Á síðustu árum hefur fjöldi keppenda verið frá 3.000 börnum. Veðurspáin hefur alltaf mikil áhrif því þátttakendur taka gjarnan ákvörðun um að hlaupa með skömmum fyrirvara, ólíkt lengri hlaupum Reykjavíkumaraþonsins.“ Það eru ekki bara börn sem taka þátt í hlaupinu heldur líka fjölskyldumeðlimir, vinir og ættingjar. Sumir hlaupa með og aðstoða yngstu börnin á meðan aðrir hvetja eldri börnin. Allt í allt eru því á bilinu 12-15.000 manns í Hljóm-skálagarðinum á þessum degi þegar vel viðrar.

Skráningarfrestur rennur út á föstudaginn. Skráningarhátið verður haldin

í Laugardalshöllinni sama dag milli kl. 10 og 19 og þar geta foreldrar skráð börnin sín. Skráningu gegnum netið lýkur þó á miðvikudaginn kl. 16. Þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni, þar með talin börnin sem keppa í Latabæjarhlaupinu, geta sótt skráningargögn sín á skráningarhátiðinni á föstudaginn. Þar verður einnig boðið upp á fróðlega fyrirlestra um hlaup og undirbúning fyrir hlaup. Ýmis fyrirtæki kynna einnig ýmsa heilsutengda starfsemi og vörur á básum. „Kári Steinn verður meðal annars með fyrirlestur og svo hefst árleg pastaveisla fyrir þátttakendur kl. 16 og stendur yfir til kl. 19. Þetta verður því mikil hátið og við hvetjum foreldra til að mæta með börnin til að leyfa þeim að upplifa stemninguna.“

Eftir að Latabæjarhlaupinu lýkur tekur við skemmtidagskrá í Hljóm-skálagarðinum. Íþróttálfurinn og Solla stírða verða á staðnum og heyrst hefur að Glanni glæpur mæti einnig. „Jónsi mun halda uppi fjörinu og kynna dagskrána auk þess sem hann tekur á móti krökkunum þegar þeir koma í mark. Latibær verður síðan með skemmtilega dagskrá þannig að börnin munu örugglega skemmta sér mjög vel og eiga góðan dag með fjölskyldunni.“



Gerður Þóra Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi Reykjavíkumaraþons.

NÁNAR


- Hlaupið er ætlað börnum 8 ára og yngri.
- Netskráningu lýkur 15. ágúst kl. 16.
- Hægt verður að skrá börnin á skráningarhátiðinni 17. ágúst frá kl. 10 til kl. 19.
- Upplýsingar um hlaupaleiðir og tímasetningar má finna á marathon.is.




Gjöf handa þér og þínum

Tékk
www.tk.is
KRISTALL


Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





HVÍTA HÚSÍÐ/SÍA 12-1359

Tvennutilboð – fyrir menntun og skemmtun



The power to do more



17.096 kr. á mán.*
Tvær saman á tilboði
194.980 kr. staðgreitt

Tilboðinu fylgir gjafabréf
að Tvennutilboði Dominos.



Dell Inspiron 15 N5050

Hröð tölva með 15,6" HD skjá og 500 GB disk sem
rúmar t.d. 500 kvikmyndir og ótal ritgerðir. 3ja ára ábyrgð.

Samsung Galaxy Tab 2 10.1

Spjaldtölva með hröðu þráðlausu neti, björtum 10,1" skjá og frábærum
hljómi. Með AllShare forritinu frá Samsung eru myndir, þættir, tónlist og
gögn mjög aðgengileg bæði í spjald- og fartölvunni. 2ja ára ábyrgð.

*Vaxtalaust lán í 12 mánuði. Verð innifelur 3,25% lántökugjald og 320 kr. greiðslugjald.

13.218 kr. á mán.*
Einstakt tilboð
149.900 kr. staðgreitt



Dell Inspiron 15R (5520)

Hröð skóla- og afþreyingartölva sem endist og endist. Hún er með
500GB harðan disk og stóran og skýran 15,6" HD skjá. 3ja ára ábyrgð.

*Vaxtalaust lán í 12 mánuði. Verð innifelur 3,25% lántökugjald og 320 kr. greiðslugjald.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and/or
other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



Gríptu tækifærið núna og komdu í verslanir okkar
á Grensásvegi 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10, Akureyri.

Skoðaðu www.advania.is/skoli



advania

Welcome to IT



Gæðavörur endast betur – Vandaðu valið!



Verð
1.199
krónur



Verð
399
krónur



Verð
799
krónur

Crayola vaxlitirnir eru tvívafðir í pappírinn og brotna því síður. Litirnir eru alveg eiturefnalausir.



Verð
1.299
krónur



Verð
1.399
krónur

Ef gleymist að loka Crayola tússlit nægir að setja oddinn í bleyti svo hann endurheimti litagetuna.



Allir Crayola litirnir eru eiturefnalausir og nást auðveldlega úr fötum og af húsgögnum.

Crayola vatnslitapallettan er vinsæl og fer vel í hendi.

Verð
1.199
krónur



Verð
1.149
krónur


Verð
1.999
krónur

Crayola trélitir
Fallegir litir sem þekja vel.

ÁFRAM
NÁMSMENN



Gatari?
Er það sá sem
vinnur við
að búa til
götur?



Vildarklúbbur
fyrir námsmenn

5% afsláttur af ÖLLUM SKÓLA-
VÖRUM einnig af tilboðum



Sérstök vildarverð
á völdum vörum.
Taktu eftir merkinu!

Skráðu þig í næstu heimsókn!



30%

AFSLÁTTUR MED
VILDARAFSLÆTTI



Verð nú kr. **279,-**
Verð áður kr. 399,-

Gildir til og með 14. ágúst.

Skoðaðu úrvalið í
60 síðna skólabæklingi
á EYMUSSON.IS



Eymundsson

Bóksali frá 1872

MÍÐASALA HEFST Í DAG KL. 12.00

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

eivør

ÁSAMT

HLJÓMSVEIT

Í SILFURBERGI, HÖRPU
FÖSTUDAGINN 31. ÁGÚST



NÝJA PLATAN
ROOM KEMUR
ÚT 21. ÁGÚST.

RÁS 2

MÍÐASALA Á MIÐI.IS, Í MÍÐASÖLU HÖRPUNNAR OG Í SÍMA 528 5050


sena

Europpris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Verzlunin að KORPUTORGI lokar

20-50%

afsláttur af öllum vörum

í verzluninni á meðan birgðir endast

Dæmi um afslátt:

20%

afsláttur á allri matvöru

30%

afsláttur á öllum verkfærum

40%

afsláttur á öllum kertum og servíettum

50%

afsláttur á öllum skóm

ATH! Afslátturinn gildir eingöngu í verzlun Europris að Korputorgi

Skíðaferðir sem renna út



Saalbach -Hinterglemm

Saalbach-Hinterglemm býður upp á mikið úrval af brekkum við allra hæfi. Hótel Gamshag, þriggja stjörnu, er notalegt austurrískt hótél í hjarta Hinterglemm. Aðeins 97 km frá flugvelli.

Verð frá, á mann í tvíbýli: **175.990 kr.**

Veldu dags.: 22.–29. des., 5.–12. jan., 19.–26. jan. og 2.–9. feb.

Kirchberg

Kirchberg er lítill og vinalegur bær með frábæru skíðasvæði. Gist verður á Hotel Kirchenwirt, þriggja stjörnu, sem er staðsett í tveggja mín. göngufæri frá miðbænum, þar sem hægt er að fara í búðir, á matsölustaði, bari og kaffihús. Aðeins 90 km frá flugvelli.

Verð frá, á mann í tvíbýli: **156.990 kr.**

Veldu dags.: 12.–19. jan. og 19.–26. jan.

Bad Hofgastein

Glæsileg skíða- og heilsuástaða með skíða-kennslu fyrir byrjendur og lengra komna. Gist verður á Hotel Das Moser, fjögurra stjörnu. Þar er heilsu- og tómstundamiðstöð, með innisundlaug, sauna og sólbekkjum. Aðeins 98 km frá flugvelli.

Verð frá, á mann í tvíbýli: **168.990 kr.**

Veldu dags.: 22.–29. des., 12.–19. jan., 19.–26. jan., 26. jan.–2. feb., 2.–9. feb., 16.–23. feb.

Skelltu þér á skíði í Austurríki með WOW ferðum

Innifalið í öllum okkar skíðapakkkum er **flug með sköttum og gjöldum**, hótél með **hálfu fæði** ásamt ferðum til og frá flugvelli.

Hafið samband við wowferdir@wowferdir.is eða í síma 590 3000 fyrir bókanir eða frekari upplýsingar. Flugð er með WOW air í dagflugi, með miklu sætaþlássi og nóg af brosi um borð.

Búðu til þinn eigin skíðapakka

Skoðaðu hótelframboðið og kláraðu dæmið á wowferdir.is.

Flug til og frá Salzburg, verð frá: **65.900 kr.**



wowferdir.is



FORSALA Á MIDI.IS
TIL OG MEÐ 14. ÁGÚST



ÞRjú VERÐ:
2.500 KR, 2.000 KR OG 1.500 KR
(ÖLL VERÐIN 500 KR LÆGRI
Í FORSÖLU)

50% AFSLÁTTURAF FULLU VERÐI
FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI



VINÁTTULANDSLEIKUR ÍSLAND - FÆREYJAR

Á MIÐVIKUDAG KL. 19:45

LOKSINS HEIMALEIKUR!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!

Alltaf í boltanum með KSI

BORGUN

Lengjan

ICELANDAIR



Coca-Cola



www.nams.is

Allir
velkomnir!

HAUSTSÝNING NÁMSGAGNASTOFNUNAR

Þann 16. ágúst nk. verður árleg sýning Námsgagnastofnunar á öllu efni sem stofnunin gefur út fyrir grunnskóla. Sýningin er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og verður haldin í húsnæði þess við **Stakkahlíð í Reykjavík**. Einnig verður boðið upp á fræðslufundi um nýútkomið námsefni. Dagskráin er á www.nams.is

Sýningin stendur frá kl. 8:30 – 15:30




Auk þess taka eftirtaldir þátt í sýningunni:

- ✓ A4 Skólavörubúð
- ✓ Allir.is – Handbók í lífsleikni
- ✓ Arragus
- ✓ Barnaheill – Save the Children á Íslandi
- ✓ Lærum og leikum með hljóðin
- ✓ Dagblöð í skólum
- ✓ Forlagið – Bókaútgáfa
- ✓ Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins
- ✓ Heimili og skóli
- ✓ Heyrnar- og talmeinstöðin
- ✓ Hið íslenska bókmenntafélag
- ✓ Hlusta.is – Hljóðbækur
- ✓ Höfum gaman – Tónlistarefni
- ✓ IÐNÚ – Bókaútgáfa
- ✓ Krakkaskak.is
- ✓ Krass
- ✓ Krumma
- ✓ Lubbi finnur málbein – Sérkennsla
- ✓ María Jónsdóttir – Lífsleikni
- ✓ Mennta- og menningarmálaráðuneytið
- ✓ Orðabelgur
- ✓ Óðinsauga – Bókaútgáfa
- ✓ Paxel123.is
- ✓ Rósakot – Enskukennsla
- ✓ Salka – Bókaútgáfa
- ✓ Skólavefurinn
- ✓ Skólasafnavefurinn
- ✓ Spilavinir
- ✓ Steinn.is – Bókaútgáfa
- ✓ Stoðkennarinn.is
- ✓ Tindur – Bókaútgáfa
- ✓ TMF – Tölvumiðstöð
- ✓ Unga ástin mín – Bókaútgáfa
- ✓ UNICEF
- ✓ Umboðsmaður barna
- ✓ Varmás – SMART töflur
- ✓ www.HirosimaNagasaki.is

Bókasafn
Menntavísindasviðs
verður opið
meðan á sýningunni
stendur.



Námsgagnastofnun | Víkurhvarfi 3 | 203 Kópavogi | www.nams.is



www.dominos.is sími 58·12345


ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S 1.000 KR.

Þegar þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum.



Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með **Domino's** appinu
Nánar á dominos.is/app

GÆÐI
ALLA
LEIÐ!



Kjötveisla: Pepperoni, skinka og nautahakk



FRÉTTIR AF FÓLKI

Athyglisverður borgarstjóri

Slúðursíðan Dlisted.com hrósar **Jóni Gnarr** fyrir þátttöku í gleðigöngunni sem fram fór á laugardag. Borgarstjórinn klæddi sig í kjól og huldí andlit sitt með lambhúshettu á þekkri þeirri er meðlimir pönksveitarinnar Pussy Riot skarta á tónleikum. Maður að nafni Michael K stendur að baki síðinni og í færslunni spyr hann hvenær fólk



ætli að flytja búferlum frá Bandaríkjunum til Íslands. Hann lýkur færslunni á orðunum „við þurfum öll á borgarstjóra að halda sem styður Pussy Riot“.

Sveitabréðkaup

Fjölmiðlarið **Þórhildur Ólafsdóttir** og Sveinn Halldór Guðmarsson gengu í það heilaga um helgina að viðstöddum vinum og vandamönnum. Þau starfa bæði á fréttastofu Ríkissjónvarpsins. Þarið bauð til veislu vestur í Grundarfirði en Þórhildur á ættir sínar að rekja þangað. Það var svo systir brúðgumans, sr. Sigríður Guðmarsdóttir, sem þússaði parið saman. Veislustjórar voru Katrín Bessadóttir og Ásmundur Haraldsson og var gleðin víst við völd fram eftir nóttu í sveitinni.



- sm, áþ

Mest lesið



- 1 Harry mætti með mágkonunni
- 2 Rúmlega 40 ára aldursmunur á þarinu
- 3 Verður ákærður fyrir að reyna að myrða dætur sínar
- 4 Yfir tvö hundruð eyðibýli rannsökuð í sumar
- 5 Ómerktur lögreglubíll við hraðamælingar

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 - 9.00



SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

20-50% AFSLÁTTUR

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.



Hágæða svefnsofi. Íslensk framleiðsla. Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni. Svefnflötur 140x200. Nú aðeins kr. **329.900**

NÝTT BOSS
 HUGO BOSS
 home

SAGA/FREYJA OG ÞÓR


Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL

Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta **179.900**
 Leður hægindastóll **89.900**
 Lyftu hægindastóll **159.900**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x80x200
339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla. Lök, hlífðardýnur, sængur, sængurver, handklæði og sloppar

Gerðu gæða- og verðsamanburð



Baldursnesi 6

AKUREYRI



www.svefn.is



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

*3,5% lántökugjald